

Reykjavík, 16. nóvember 2021

Tilvísun: OS2020120024/10.5

Verknúmer: 435 3420

Efni: Kvörtun vegna tjóns**Málsatvik**

Orkustofnun barst kvörtun dags. 7. desember 2020 með tölvupósti frá F vegna tjóns á myndavéla- og þjófavarnarkerfi fyrirtækisins þann 14. febrúar 2020.

Í kvörtuninni kemur fram að kvartandi telji RARIK hafi viðurkennt tjónsatburðinn með tilvísun í bréf RARIK dags. 21. ágúst 2020 þar sem fram kemur að niðurstöður athugana RARIK hafi leitt í ljós að frávik frá markmiðum RARIK um spennugæði sem séu líkleg orsök tjóns kvartanda. Orsökina megi rekja til truflana í flutningskerfi Landsnets þann 14. febrúar 2020 sem ollu því að spenna frá flutningskerfi var utan viðmiðunarmarka. Í erindi RARIK kemur að bótatakrafan hafi verið áframsend til Landsnets. Kvartað er yfir afgreiðslu RARIK á kvörtun sem beint var til fyrirtækisins og er kvartandi ósáttur við þá afgreiðslu RARIK að fyrirtækið hafi áframsendi kvörtunina til Landsnets. Að mati kvartanda á RARIK að leysa úr kvörtun hans þar sem viðskiptasamband hans er við dreifiveituna en ekki flutningsfyrirtækið.

Með kvörtuninni fylgdi bréf frá RARIK dags. 21. ágúst 2020 og tölvupóstur frá Landsneti dags. 27. október 2020 til kvartanda.

Málsástæður og sjónarmið aðila*Sjónarmið RARIK*

Orkustofnun bauð RARIK að tjá sig um kvörtunina ásamt því að stofnunin óskaði eftir sérstaklega eftir skýringum um einstök atriði með bréfi dags. 10. desember 2020. RARIK veitti svör og umsögn um kvörtunina með bréfi 17. desember 2020.

Í umsögninni kemur fram að þann 14. febrúar 2020 kl. 17:56 leysti innkomandi rofi í aðveitustöð Brennimel út vegna yfirspennu. Orsökina var yfirspenna í flutningskerfi Landsnets í kjölfar útleysingar, sbr. lýsingu á atburði á heimasíðu Landsnets:

14-02-2020 17:56:

NA1 og JA1 leysir út. Norðuráslína og Elkem milli Brennimels og Norðuráls annars vegar og Elkem leysti út. Straumlaust er á bæði hjá Norðurál og Elkem.

14-02-2020 18:49:

Mikið álag leysti út í kerfinu en verið er að reyna að koma álaginu aftur inn. Flökt er á spennu og tíðnisveiflur eru í kerfinu sökum þess.

Í umsögn RARIK kemur fram að fyrirtækið hafi ekki mæligögn sem sýni hversu hátt spennan fór og því áframsendi RARIK málið til Landsnets til greiningar sem gæti haft betri gögn um atvikið. Hins vegar er

enginn ágreiningur milli aðila, þ.e. RARIK, Landsnets og tjónþola að atburðurinn hafi átt sér stað og að hann hafi valdið yfirspennu utan marka sem sé orsök tjónsins.

Í umsögn RARIK kemur einnig fram að „*Atvikið fólst því ekki í rafmagnsleysi af tiltekinni tímalengd heldur spennuhöggi sem kom á raforkukerfið þegar truflun varð í flutningskerfi Landsnets með brottfalli stóriðjunotenda*“.

Ennfremur kemur fram í umsögn RARIK að þar sem lá ljóst fyrir að orsök umrædds tjóns væri af völdum spennufrávíks sem átti uppruna sinn í flutningskerfi Landsnets óskaði RARIK eftir því við Landsnet að flutningsfyrirtækið tæki við afgreiðslu málsins gagnvart tjónþola.

Að mati RARIK er það illmögulegt fyrir dreifiveituna að meta bótaábyrgð sjálfstætt vegna atvika í flutningskerfi þar sem upplýsingar um það liggja hjá Landsneti en ekki RARIK. Það yrði í öllum tilvikum að byggja slíkt mat á greiningu Landsnets. Upplýsti RARIK tjónþola um þessa tilhögun með bréfi dags. 21. ágúst 2020.

Sjónarmið Landsnets

Orkustofnun bauð Landsneti að tjá sig um kvörtunina ásamt því að stofnunin óskaði sérstaklega eftir skýringum um einstök atriði með bréfi dags. 3. febrúar 2021. Umsögn Landsnets barst með tölvupósti 24. febrúar 2021

Í svari Landsnets kemur fram að óveður, 14. febrúar 2020, hafi leitt til mikillar seltuáraunar, bæði í tengivirki Landsnets á Brennimel og í aðveitustöðu Norðuráls og leystu Norðurál og Elkem út allt álag um kl. 17:56. Við tíðnihöggið sem þær útleysingar ollu leysti álverið í Straumsvík út stóran hluta af sínu álagi.

Orkustofnun óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um spennugæði 14. febrúar 2020. Í svari Landsnets kemur fram að um viðvarandi spennuflökt hafi varað stóran hluta dagsins 14. febrúar á 132 kV teins tengivirkisá Brennimel vegna seltu, þar sem spennan fór a.m.k. í níu skipti niður fyrir -10% viðmiðið og a.m.k. einu yfir +10% viðmiðið. Orkustofnun bendir á að umrædd viðmið sem kemur fram í sjónarmiði Landsnets eru skv. reglugerð nr. 1048/2004 um raforkuviðskipti og afhendingaröryggi.

Í minnisblaði sem fylgdi með svari Landsnets kemur fram að tvö tjónatilkvik eru skráð frá aðilum sem fá afhent raforku frá Brennimel 14. febrúar 2020. Í sama minnisblaði er einnig tilgreint að leiða megi líkur að því að notendur tengdir tengivirkinu á Brennimel hafi getað orðið fyrir tjóni á rafbúnaði sbr. lýsingu hér að ofan.

Í svari Landsnets dags. 24. febrúar 2021 kemur fram að fyrirtækið telji sig ekki bera ábyrgð á umræddu tjóni. Einnig kemur fram að Landsnet hafi vísað bótakröfu vegna tjóns sem varð vegna óveðurs 10. desember 2019 til tryggingarfélags fyrirtækisins sem hafnaði bótakröfu á grundvelli ábyrgðartryggingarinnar. Landsnet kærði álitid til úrskurðarnefndar váttryggingarmál og lá niðurstaða fyrir frá úrskurðarnefndinni í máli nr. 270/2020 þann 3. nóvember 2020 þar sem fram kemur að ekki sé fyrir hendi bótaskylda úr ábyrgðartryggingu Landsnets. Landsnet virðist líta svo á að niðurstaða nefndarinnar sé fordæmisgefandi um að ekki eigi að bæta tjón og vegna óveðurs og Landsnet eigi ekki að bæta óveðurstjón þó um sé að ræða tjón sem tengist eldra tjóni vegna óveðurs sem brast á seinna en úrskurðurinn fjallar um. Úrskurður úrskurðarnefndar fylgdi með svari Landsnets sem fylgiskjal 2.

Landsnet telur að gera eigi greinarmun á bótum vegna annars vegar rafmagnsleysis og hins vegar skaðabóta vegna bilunar í tækjum eða búnaði vegna spennufrávíka. Ekki hafi verið sett reglugerð sbr. 9. gr. raforkulaganna svo ekki hefur reynt á það að Landsnet hafi greitt bætur til dreifiveitna. Að mati

Landsnets komi ekki til álita að greiða bætur á grunni 9. gr. raforkulaga nema að sett hafi verið reglugerð fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik. Varðandi tjón vísar Landsnet til þess að um það gildi almennar reglur skaðabótarréttar auk þess sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 kunna að hafa þýðingu en samkvæmt þeim skal greiða bætur fyrir tjón ef er að lágmarki 500 evrur eða jafnhá upphæð í íslenskum krónum svo lengi sem hluturinn sé ætlaður til einkanota eða einkaneyslu og sá sem varð fyrir tjóninu hafi aðallega haft hlutinn til einkanota. Löggin ná því ekki til tjóns á hlutum í atvinnustarfsemi. Þá er í netmála Landsnets að finna sérstakar ábyrgðareglur sem eingöngu lúta að félaginu og lögboðnum viðskipavinum þess.

Landsnet segist bæta sambærilegt tjón til einstaklinga en ekki lögaðila en fyrirtækið telur sig hafa unnið að þessu máli með hagsmuni tjónþola í huga að teknu tilliti til þeirra heimilda sem Landsnet telur sig hafa að lögum, en telur sig ekki geta sett það fordæmi að greiða lögaðilum þeirra tjón án þess að tryggingarfélagið bæti tjónið þar sem um verulegar fjárhæðir er að ræða í sumum þeirra málum.

Varðandi þann lið kvörtunar að RARIK hafi vísað málinu til Landsnets kemur eftirfarandi fram í svari Landsnets:

Sá háttur hefur verið hafður á hlutum að viðskiptavinir RARIK sendi tjónatilkynningar á félagið. RARIK fer fyrir tjónatilkynningar sem berast og tekur afstöðu til þeirra, þar sem RARIK skoðar m.a. hvort rekja megi tjónið til kerfis Landsnets. Þær tjónatilkynningar sem sannarlega eiga heima hjá Landsneti eru svo sendar til Landsnets. Landsnet tekur við þeim og tekur afstöðu til þeirra að loknu tæknilegu mati á þeim atburði sem olli tjóninu. Landsnet setur athugasemd við það að RARIK tilkynni viðskiptavinum sínum að niðurstaða málsins sé sú að tjónið megi rekja til truflana í kerfi Landsnets og því muni Landsnet taka við málin og sjá um frekari svör, m.a. greiðslu bóta. Landsnet hefur á þeim tímapunkti ekki haft tækifæri til þess að meta bótaskyldur sína og því alls óvíst hvort að til bótagreiðslna komi.

Athugasemdir kvartanda við sjónarmið RARIK og Landsnets

Orkustofnun bauð kvartanda að koma á framfæri athugasemdum við afstöðu RARIK og Landsnets vegna þessarar kvörtunar með bréfi dags. 26. febrúar 2021. Athugasemdir bárust með tölvupósti dags. 15. mars 2021 frá F. Í tölvupóstinum kemur eftirfarandi fram:

Góðan daginn,

Við andmælum viðbrögðum við þessu máli: Kvörtun vegna tjóns, F

Við erum að kaupa dreifingu á rafmagni frá RARIK og þess vegna leggjum við inn kvörtun til þeirra.

RARIK samþykkir að það hafi orðið spennufall vísun í bréf RARIK dags.17,12,20;

„Hins vegar er enginn ágreiningur milli aðila .þ.e. RARIK, Landsnets og tjónþola um að þessi atburður hafi orðið, að hann hafi valdið yfirspenna utan marka og að hún sé orsök tjónsins.“

Þess vegna teljum við eðlilegt að RARIK bæti þetta tjón.

Okkur finnst að Landsnet komi okkur ekkert við, við erum ekki í viðskiptum við þá.

Þar sem við höfum kynnt okkur svör Landsnet, er margt einkennilegt í þeim.

Þeir vita í NORSK LÖG. ?

Tryggingar þeirra viðurkenna ekki tjón af völdum spennufalls, en bæta samt einstaklingum tjón? Ekki lögaðilum.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt lýsingu kvartanda varð tjón á myndavéla og þjófavarnarkerfi vegna rafmagnstruflana og of hárrar spennu 14. febrúar 2020. Samkvæmt svarbréfi Landsnets dags. 24. febrúar 2020 kemur fram að rafmagnstruflanir og rafmagnsleysi hafi orðið vegna selturáraunar í tengivirkinu á Brennimel sem er næsta tengivirki við húsnæði kvartanda. Í svari Landsnets kemur fram að spennan hafi farið níu sinnum undir -10% vikmörk og einu sinni yfir +10% vikmörk þann 14. febrúar 2020. Vikmörk á spennu er tilgreind í 11. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi. Telur Landsnet að gera eigi greinarmun á bótum annars vegar vegna rafmagnsleysis og hins vegar vegna bilunar í tækjum eða búnaði vegna spennufrávika. Af svari Landsnets má skilja að fyrirtækið bæti sambærilegt tjón til einstaklinga en ekki lögaðila.

Samkvæmt skilgreiningu 5. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er flutningsfyrirtæki fyrirtæki sem sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun. Í 6. tl. er flutningskerfi skilgreint sem raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna.

Um skyldur flutningsfyrirtækisins er fjallað um í 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, [gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku]. Samkvæmt 6. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga er gert ráð fyrir því að flutningsfyrirtækið greiði þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Þannig getur dreifiveita sótt til Landsnets bætur vegna langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu.

Í 2. mgr. 8. gr. raforkulaga segir að viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins séu dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt raforkulögum til að stunda viðskipti með raforku. Af ákvæðinu er ljóst að almennir notendur eru ekki í viðskiptasambandi við flutningsfyrirtækið né teljast þeir til viðskiptavina þess. Af því sögðu getur RARIK ekki vísað tjónstilkynningu viðskiptavina sinna til flutningsfyrirtækisins til afgreiðslu.

Samkvæmt skilgreiningu 1. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er dreifiveita fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Í 2. tl. er dreifiveitusvæði skilgreint sem landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.

Í IV. kafla laganna er kveðið á um dreifingu. Í 13. gr. laganna kemur fram að leyfi Orkustofnunnar þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði.

Um starfsemi og skyldur dreifiveitu er fjallað í 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Í reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga er í 23. gr. fjallað um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Í 3. tl. 2. mgr. segir að dreifiveitur skuli setja sér reglur til þess að tryggja áreiðanleika í rekstri dreifikerfisins sem skulu a.m.k. kveða á um hönnun kerfisins og uppbyggingu þess, viðhald kerfisins og reglubundið eftirlit með ástandi kerfisins.

Í 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga kemur fram að dreifiveitu sé skylt að greiða þeim notendum sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu bætur. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Það sama á við um skyldur flutningsfyrirtækisins enda bættist efnislega samhljóða töluliður við 3. mgr. 9. gr. samhlíða í frumvarp til breytinga á raforkulögum nr. 19/2011. Bæturnar eru annars vegar til dreifiveitna og hins vegar notenda sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Í nefndaráliti við frumvarpið er fjallað um þann tölulið sem bættist við 3. mgr. 9. gr. um flutningsfyrirtækið. Þar kemur fram að skerðing af völdum fávirkis eða náttúruhamfara eru undanskilin og að bæturnar séu hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu er átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundir. Ekki er fjallað um töluliðinn sem bættist við 3. mgr. 16. gr. en eins og fram hefur komið eru þeir efnislega samhljóða.

Í 4. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga er kveðið á um að dreifiveitu sé skylt að útvega launaafll fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði. Nánar er kveðið á um spennugæði í reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi, þar sem segir í 2. atriði 1. töflu 11. gr. reglugerðarinnar að afhendingarspenna skuli vera innan skilgreindra vikmarka og eru vikmörk skilgreind sem +10/-10% af nafnspennu. Þannig hefur spennubreyting áhrif á gæði rafmagns til kvartanda sem kærandi ber ábyrgð á, sbr. 1. mgr. 16. gr. raforkulaga. Dreifiveitur greiða alla jafnan bætur fyrir tjón sem hljótast af spennubreytingum hjá notendum.

Á heimasíðu RARIK er notendum boðið að fylla út eyðublað ef þeir vilja senda kvörtun til kæranda vegna rafmagnsgæða eða tjóns vegna spennu. Á heimasíðu RARIK er einnig að finna fréttatilkynningar þar sem fjallað er um bótagreiðslur fyrirtækisins vegna tjóns sem orðið hafa vegna spennubreytinga. Í þessu samhengi bendir Orkustofnun á fréttatilkynningar á heimasíðu RARIK frá 23. desember 2019 þar sem kemur fram að venju samkvæmt bætir RARIK tjón á rafbúnaði viðskiptavina sem verður vegna spennusveiflna í rafmagnstruflunum. Á heimasíðu RARIK sé notendum boðið að fylla út eyðublað ef þeir vilja senda kvörtun til dreifiveitunnar vegna rafmagnsgæða eða tjóns vegna spennu. Einnig má benda á fyrri fréttatilkynningar fyrirtækisins dags. 16. maí 2014 þar sem tilkynnt er um að tjón, vegna spennutrufllana í flutningskerfi Landsnets sem áhrif hafði á dreifikerfi RARIK, yrði bætt.

Við nánari skoðun á heimasíðu RARIK varðandi tjónstilkynningar koma fram eldri fréttir t.d. vegna tjóns 6. til 7. janúar 2011 og vegna tjóns 5, 8, 9. maí 2014 og 23. maí 2017 sem talið er af völdum truflana í flutningskerfinu og mikilla spennusveifla. Þannig hafa vikmörk skv. 2. lið í 1. töflu 11. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um gæði raforku haft vægi við ákvarðanatöku um þau tilvik sem fyrirtækið hefur ákveðið að séu bótaskyld. Bendir Orkustofnun sérstaklega til fréttar á heimasíðu RARIK dags. 23. maí 2017 þar sem segir: „Þann 17. maí sl. urðu truflanir í flutningskerfi Landsnets sem ollu alvarlegum spennusveiflum í raforkukerfinu. Fór spenna í flutningskerfinu út fyrir viðmiðunarmörk Suðaustur- og Austurlandi, sem skilaði sér út í dreifikerfið og í mörgum tilfellum alla leið til viðskiptavina. Olli þetta víða tjóni á raftækjum hjá notendum. Af þessari ástæðu mun Sjóvá, tryggingarfélag Landsnets, annast alla frekari afgreiðslu málsins, þ.m.t. mat og afgreiðslu bótakrafna. Tjón skulu þó eftir sem áður tilkynnt til RARIK sem mun taka við öllum tjónstilkynningum notenda á sínu dreifisvæði og koma þeim í rétta boðleið. Til að greiða fyrir afgreiðslu málsins er mikilvægt að fylla út eyðublaðið „kvörtun vegna spennugæða“ hér á vefsíðu RARIK og gera góða grein fyrir því tjóni sem varð. Hins vegar verður breyting á þessu fyrirkomulagi vegna tjóns 17. maí 2017 en í þeirri tilkynningu vísar RARIK til þess að leita eigi til Landsnets eða tryggingarfélags þess sem er Sjóvá.

Samkvæmt 7. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga er dreifiveitu skylt að gæta jafnræðis við starfrækslu sína. Sömu sjónarmið þurfa að liggja til grundvallar þegar ákvörðun um greiðslu bóta til viðskiptavina er tekin í sambærilegum málum.

Hlutlæg bótaábyrgð stofnast án tillits til þess hvort tjón verði rakið til sakar. Í ljósi þess að kvartandi varð fyrir tjóni vegna spennubreytinga sem dreifiveitur og flutningsfyrirtæki bera ábyrgð á sbr. 1. mgr. 16. gr. raforkulaga, sbr. 9. gr. raforkulaga er það mat Orkustofnunar að jafna megi bótaábyrgðinni við

skerðingu á afhendingu rafmagns, sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga. Kvartandi er viðskiptavinur RARIK og er dreifiveitan skuldbundin til þess að greiða tjón sem hlýst af spennubreytingum gagnvart notendum sínum, en getur á grundvelli 6. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga átt endurkröfufétt á flutningsfyrirtækið.

Í ljósi þessa getur RARIK ekki borið fyrir sig að hann sé undanþeginn greiðslu bóta vegna tjóns sem á orsök sína að rekja til bilunar í flutningskerfi Landsnets.

Því er það mat Orkustofnunar að RARIK beri ábyrgð á því tjóni sem kvartandi varð fyrir vegna spennubreytinga.


Ákvörðunarorð

Í ljósi framangreinds telur Orkustofnun að RARIK beri að bæta tjón á myndavéla og þjófavarnarkerfi kvartanda sem rekja má til umtalsverðrar spennuhækkunar í tengivirkinu á Brennimeil sem er næsta tengivirki við kvartanda þar sem spenna fór út nú sinnum undir +/- 10% og einu sinni yfir + 10% vikiörk sem skilgreind eru í 11. gr. reglugerðar um gæði raforku og afhendingaröryggi nr. 1048/2004.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Hanna Björg Konráðsdóttir
lögfræðingur


Sigurður H Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent til: RARIK ohf og Landsnets hf.